

14. gr.  
*Staðfesting.*

Leita skal staðfestingar dómsmálaráðherra á skipulagsskrá þessari.

Skipulagsskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum um sjóði og stofnanir sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá, nr. 19/1988.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 24. apríl 2002.*

F. h. r.

**Drífa Pálsdóttir.**

---

*Bryndís Helgadóttir.*

## AUGLÝSING

### um breytingar á deiliskipulagi í Garðabæ.

*Breyting á deiliskipulagi við Furuás 8.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Furuás 8 í Garðabæ. Breytingin felst í því að bílastæði og bílskúr eru færð að vesturmörkum byggingarreits lóðarinnar Furuáss nr. 8 og að þakkantur fer út fyrir byggingarreit til suðurs og norðurs. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Hraunás 7.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Hraunás 7 í Garðabæ. Breytingin felst í því að bílastæði og bílskúr eru færð að suðurmörkum byggingarreits lóðarinnar Hraunáss 7. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

*Breyting á deiliskipulagi við Bakkaflöt 6.*

Bæjarstjórn Garðabæjar hefur samþykkt breytingu á deiliskipulagi við Bakkaflöt 6 í Garðabæ. Breytingin felst í því að viðauka er bætt við skipulagsskilmála varðandi leyfilega hæð þaks að Bakkaflöt 6. Deiliskipulagsbreytingin hefur fengið meðferð í samræmi við 2. mgr. 26. gr. laga nr. 73/1997 með síðari breytingum.

Ofangreindar breytingar öðlast gildi við birtingu þessarar auglýsingar.

*F.h. Garðabæjar, 30. apríl 2002.*

**Bergljót S. Einarsdóttir** skipulagsfulltrúi.